

Reglur Arev verðbréfafyrirtækis hf. um upplýsingar um viðskiptavini

1. Inngangur.

Reglur þessar eru settar í samræmi við 19. gr. b. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Reglurnar gilda um hvernig er haldið er utan um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn. Allar upplýsingar afhentar af viðskiptavini um hagi hans og tengdra aðila skal fara með sem trúnaðarmál.

2. Hvernig haldið er utan um upplýsingar.

Starfsmenn sem hafa undir höndum trúnaðar upplýsingar frá viðskiptamönnum skal í störfum sínum í fyrsta lagi virða í hvívetna þær kröfur sem settar eru fram í undirritaðri trúnaðaryfirlýsingu ef hún er gerð. Sé ekki fyrir hendi trúnaðaryfirlýsing skal hann fylgja í einu og öllu þeim reglum Arev verðbréfafyrirtækis er fjalla um öryggis- og samskiptareglur.

- Starfsmönnum ber að virða og stuðla að eftirfylgni við ákvæði gildandi laga og reglna um meðferð innherjaupplýsinga og þagnarskyldu.
- Trúnaðar- og innherjaupplýsingum skal haldið innan eins þröngs hóps og mögulegt er. Starfsmanni er aðeins leyfilegt að miðla slíkum upplýsingum að hann hafi til þess heimild í ljósi stöðu sinnar eða heimildar frá yfirmanni og viðtakanda séu upplýsingarnar nauðsynlegar vegna starfa eða stöðu sinnar eða ef lög kveða á um skyldu til að veita slíkar upplýsingar. Við miðlun upplýsinga skal gætt að ákvæðum laga um meðferð innherjaupplýsinga og ákvæðum laga um þagnarskyldu starfsmanna fjármálafyrirtækja.
- Gögn sem merkt eru sem trúnaðarmál skulu aðeins opnuð af þeim sem ljóst má vera að hafi heimild til aðgangs að slíkum gögnum. Leiki vafi á um slíkt skal yfirmanni viðkomandi sviðs heimilt að opna slík gögn til að ganga úr skugga um aðgangsheimild viðkomandi.
- Starfsmenn skulu gæta þess að trúnaðar- og innherjaupplýsingar séu varðar gegn aðgangi og berist ekki óviðkomandi, þ.e. þeim sem þurfa ekki nauðsynlega á slíkum upplýsingum að halda vegna starfa sinna eða stöðu. Slíkar upplýsingar skulu eftir atvikum geymdar í læstum hirslum eða vistaðar í

Arev

gagnagrunnum þar sem eingöngu aðilar sem slíkar upplýsingar eru viðkomandi hafa aðgang.

- e. Þess skal gætt að trúnaðar- og innherjaupplýsingar liggi ekki á borðum í lok vinnudags eða þannig sé frá þeim gengið að óviðkomandi komist í þær. Þá skal þess ávallt gætt að aðgangur að tölvum í lok vinnudags sé læstur með fullnægjandi hætti.
- f. Fjölföldun gagna er innihalda trúnaðar- eða innherjaupplýsingar skal haldið í lágmarki.
- g. Sá sem sendir trúnaðar- eða innherjaupplýsingar skal gæta þess að þær berist aðeins ætluðum viðtakanda.

3. Ákvörðun um tengilið viðskiptamanns

Í hverjum samningi sem gerður er við viðskiptamenn (þ.á m. verksamninga) skal tilgreina þá aðila Arev verðbréfafyrirtækis sem eru tenglar viðskiptamanns og hafa aðgang að gögnum frá honum.

4. Aðgengi

Reglur þessar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum og þeir upplýstir um tilvist þeirra við gerð samninga um viðskipta við Arev verðbréfafyrirtæki.

5. Miðlun upplýsinga um viðskiptamenn og eftirlit.

Regluvörður félagsins hefur umsjón með og tekur ákvarðanir, að höfðu samráði við framkvæmastjóra félagsins, um miðlun upplýsinga um viðskiptamenn til innra eftirlits, eftirlitsstjórnvalda og lögreglu. Berist slíkar fyrirspurnir til starfsmanna skal þeim undantekningarlaust beint til regluvarðar.

Um eftirlit samkvæmt reglunum skal eftirfarandi gilda:

- a. Regluvörður félagsins skal hafa eftirlit með því að ákvæðum reglnanna sé fylgt, hafa forgöngu um túlkun á reglunum og taka ákvarðanir í samræmi við reglurnar. Jafnframt skal regluvörður sinna kynningu eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Arev

- b. Tilkynningarskylda. Regluvörður skal tilkynna brot til stjórnar eða framkvæmdastjóra eftir atvikum. Framkvæmdastjóri eða stjórn skal senda upplýsingar um brot til Fjármálaeftirlitsins.
- c. Kvartanir. Regluvörður skal halda skrá yfir kvartanir frá viðskiptamönnum sem varðar meint brot á reglunum og beina þeim í réttan farveg.

6. Viðurlög.

Brot á reglum þessum geta varðað stjórnvaldssekt eða refsingu eftir því sem segir í lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Þá geta brot á reglunum varðað áminningu eða brottrekstri.

7. Gildistaka.

Reglur þessar leysa af hólmi eldri reglur sem samþykktar voru 2015. Reglur þessar öðlast gildi að fengu samþykki stjórnar félagsins.

Samþykkt af stjórn Arev verðbréfafyrirtækis hf. þann 11. febrúar 2016.